



VÍS: Ársreikningur 2022

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2022 var staðfestur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 23. febrúar 2023. Ársreikningurinn verður lagður fyrir aðalfund VÍS þann 16. mars til samþykktar.

Helstu niðurstöður ársins 2022

- Hagnaður ársins var 940 milljónir en var 7.684 milljónir á árinu 2021.
- Hagnaður af váttryggingarekstri var 694 milljónir samanborið við 887 milljónir árið áður.
- Samsett hlutfall ársins var 99,2% en var 97,1% á árinu 2021.
- Iðgjöld ársins voru 23.990 milljónir en voru 23.041 milljónir árið áður.
- Tekjur af fjárfestingarstarfsemi námu 1.545 milljónum en voru 8.259 milljónir árið áður.
- Arðsemi eign fjár var 5,2% en var 40,9% árið áður.
- Hagnaður á hlut var 0,55 krónur samanborið við 4,39 krónur árið 2021.

Helstu niðurstöður 4F 2022

- Hagnaður fjórðungsins var 461 milljón samanborið við 950 milljónir á sama tíma 2021.
- Hagnaður af váttryggingarekstri í fjórðungnum var 539 milljónir samanborið við 344 milljónir á sama tímabili 2021.
- Samsett hlutfall fjórðungsins var 93,6% en var 95,5% á sama tímabili árið áður.
- Iðgjöld tímabilsins voru 6.098 milljónir í samanburði við 5.917 milljónir á síðasta fjórðungi 2021.
- Tekjur af fjárfestingarstarfsemi voru 392 milljónir en voru 1.193 milljónir á sama tímabili 2021.

Guðný Helga Herbertsdóttir, forstjóri VÍS:

„Þrátt fyrir krefjandi tíma á eignamörkuðunum er ánægjulegt að sjá að hagnaður ársins er þó 940 milljónir. Hagnaður af váttryggingarekstri nemur 694 milljónum og samsett hlutfall ársins er 99,2%. Árið í heild litaðist af erfiðu tíðarfari sem einkenndist af veðurofsa, kuldatið og mörgum smærri tjónum – en þó varð ekkert stórtjón. VÍS greiddi viðskiptavinum sínum 16,8 milljarða í tjónabætur á síðasta ári – en samtals var fjöldi tjóna um 36.500. Félagið gerir ráð fyrir að samsett hlutfall ársins 2023 verði á bilinu 96-98% – en langtímamarkmið félagsins er að samsetta hlutfallið sé ekki hærra en 95%.

Góður árangur á krefjandi markaði

Fjárfestingartekjur félagsins voru jákvæðar um 1.545 m.kr. eða sem nemur 3,5% nafnávöxtun þrátt fyrir afar krefjandi markaðsaðstæður á árinu - þar sem skuldabréfavísitölur jafnt sem hlutabréfavísitölur lækkuðu talsvert. Jákvæð afkoma var af skuldabréfaeign félagsins og var hún að mestu borin uppi afávöxtun óskráðra skuldabréfa. Þá skiluðu óskráð hlutabréf bestri afkomu eða 1.501 m.kr. sem jafngildir 24% nafnávöxtun. Skráð hlutabréf lækkuðu hins vegar um 10,5% og skiluðu neikvæðri afkomu upp á 1.145 m.kr.

Fjölbreyttari trygginga- og fjármálaþjónusta

Líkt og kom nýlega fram í tilkynningu til Kauphallar, þá hafa VÍS og hluthafar Fossa fjárfestingarbanka ákveðið að hefja viðræður um kaup VÍS á öllu hlutafé í Fossum fjárfestingarbanka á grundvelli viljayfirlýsingar um sameiningu félaganna. Þetta eru spennandi tíðindi og fela í sér fjölbreytt tækifæri fyrir bæði félögin – en sameiningin mun styrkja þau til sóknar á íslenskum fjármálamarkaði. Við sögðum frá því á síðasta ári, að VÍS hefur ákveðið að útvíkka starfsemi sína og bjóða upp á sjóða- og eignastýringu. SIV eignastýring bíður nú starfsleyfis frá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands – og við hlökkum til að bjóða upp á fjölbreyttari trygginga- og fjármálaþjónustu.

Áhersla á sókn og sölu

Endurskipulagning á sókn og sölu, sem hófst með nýju skipulagi á síðasta ári, hefur gengið vel og lagt góðan grunn fyrir framtíðina. Aukning í iðgjöldum í lok árs gefur til kynna að þessi vinna hafi skilað góðum árangri. Við lögðum áherslu á að vera í auknum samskiptum við viðskiptavini okkar til þess að tryggja rétta og viðeigandi vernd þeirra. Við áttum því frumkvæði að rúmlega 20.000 samskiptum við viðskiptavini okkar. Við kynntum einnig nýtt vildarkerfi til sögunnar á síðasta ári og það er gaman að segja frá því að því hefur verið vel tekið hjá viðskiptavinum okkar – en við erum fyrst tryggingafélaga til að verðlauna tryggð með gagnsæjum hætti. Í tengslum við vildarkerfið kynntum við nýtt app þar sem hægt er að sjá hvernig kjör og fríðindi breytast m.a. með aukinni viðskiptalengd og fjölda trygginga. Í appinu er hægt að tilkynna tjón og sjá fjölda tilboða og annarra



fríðinda — en appið er nú aðgengilegt fyrir alla viðskiptavinir félagsins. Gaman er að segja frá því að appið er eitt af mest sóttu smáforritum á Íslandi um þessar mundir.

Ökuvísir sannar gildi sitt

Ökuvísir hélt áfram að vekja athygli á árinu og hefur sannað gildi sitt — því hann hefur haft mjög góð áhrif á aksturslag viðskiptavina okkar. Við höfum fulla trú á að fleiri viðskiptavinir okkar velji að borga minna og keyra betur með Ökuvísi. Við erum virkilega stolt af því að Ökuvísir hafi hlotið Íslensku vefverðlaunin fyrir bæði tæknilausn ársins sem og app ársins.

Við mætum því óvænta

Við erum einnig stolt af góðri niðurstöðu vinnustaðgreiningar, sem framkvæmd var í lok árs, en starfsánægja starfsmanna mældist 4,5 — sem þýðir að VÍS er meðal efstu 25% fyrirtækja á Íslandi. Á undanförunum vikum hafa orðið umtalsverðar breytingar í framkvæmdastjórn og hefur starfsfólk þurft að mæta því óvænta í starfsemi félagsins. VÍS býr yfir framúrskarandi mannauði sem hefur staðið sig frábærlega við þessar óvenjulegu aðstæður — og fyrir það er ég þakklát.“

Arðgreiðsla

Stjórn félagsins mun á aðalfundi 2023 leggja til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur kr. 0,554 á hlut fyrir árið 2022, eða um 940 milljónum króna — sem samsvarar öllum hagnaði ársins eftir skatta.

Horfur

Félagið gerir ráð fyrir að samsett hlutfall ársins 2023 verði á bilinu 96-98%. Félagið mun tilkynna ef breytingar verða á horfum ársins um samsett hlutfall, s.s. vegna stórra tjóna eða annars sem hefur umtalsverð áhrif á rekstur félagsins, svo að verðmótandi teljist fyrir hlutabréf þess.

Kynningarfundur

Kynningarfundur vegna uppgjorsins fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður haldinn föstudaginn 24. febrúar, klukkan 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 3. Farið verður yfir uppgjórið og spurningum svarað. Hægt verður að fylgjast með fundinum á þessari slóð: <https://vis.is/arsuppgjor-2022/> og þar verður einnig hægt að nálgast upptöku af fundinum sem og kynningarefni fundarins.

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur 2023 || 16. mars 2023

Fyrsti ársfjórðungur 2023 || 04. maí 2023

Annar ársfjórðungur 2023 || 17. ágúst 2023

Þriðji ársfjórðungur 2023 || 19. október 2023

Ársuppgjör 2023 || 22. febrúar 2024

Aðalfundur 2024 || 14. mars 2024

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Erla Tryggvadóttir, samskiptastjóri VÍS, í síma 660-5260 eða með netfanginu erlat@vis.is



Rekstrarreikningur

	4F 2022	4F 2021	Br.	Br. %	12M 2022	12M 2021	Br.	Br. %
Iðgjöld ársins	6.098	5.917	181	3,1%	23.990	23.041	949	4,1%
Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum	-223	-171	-51	29,8%	-792	-740	-53	7,1%
Eigin iðgjöld	5.875	5.746	130	2,3%	23.197	22.301	896	4,0%
Fjárfestingartekjur	392	1.193	-801	-67,2%	1.545	8.259	-6.715	-81,3%
Aðrar tekjur	14	16	-2	-14,1%	47	66	-19	-28,6%
Heildartekjur	6.281	6.954	-673	-9,7%	24.789	30.627	-5.838	-19,1%
Tjón ársins	-4.176	-4.032	-144	3,6%	-17.966	-17.252	-714	4,1%
Hluti endurtryggjenda í tjónum	2	128	-126	-98,8%	206	922	-717	-77,7%
Eigin tjón	-4.175	-3.904	-271	6,9%	-17.761	-16.330	-1.431	8,8%
Tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar váttryggingaskuldar	-49	-280	231	-82,5%	174	-50	223	-
Rekstrarkostnaður	-1.409	-1.696	286	-16,9%	-5.638	-5.738	100	-1,7%
Vaxtagjöld og virðisrýrnun viðsk.krafna	-89	-92	3	-3,1%	-510	-375	-135	36,1%
Heildargjöld	-5.722	-5.971	249	-4,2%	-23.735	-22.492	-1.243	5,5%
Hagnaður (tap) fyrir skatta	559	983	-424	-43,1%	1.054	8.135	-7.081	-87,0%
Skattar	-98	-33	-65	-	-114	-451	337	-74,7%
Hagnaður (tap) tímabilsins	461	950	-489	-51,5%	940	7.684	-6.744	-87,8%
Tjóna- og endurtr.hlutfall	72,1%	68,9%			77,3%	74,1%		
Kostnaðarhlutfall	21,5%	26,6%			21,9%	23,1%		
Samsett hlutfall	93,6%	95,5%			99,2%	97,1%		
Ávöxtun fjáreigna	0,9%	2,6%			3,5%	18,7%		
Arðsemi eigin fjár	2,7%	4,6%			5,2%	40,9%		
Hagnaður á hlut	0,27	0,54			0,55	4,39		

Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2022	31.12.2021
Rekstrarfjármunir	346	474
Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir	1.415	1.461
Húsaleiguaeign	616	700
Fjárfestingareignir	41.854	44.679
Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	1.154	1.774
Viðskiptakröfur	7.090	6.517
Endurtryggingaeignir	1.138	1.207
Aðrar kröfur	727	698
Handbært fé	2.381	1.553
Eignir samtals	56.722	59.063
Eigið fé		
Hlutfé	1.716	1.750
Lögbundinn varasjóður	626	626
Bundið eigið fé	6.672	9.371
Óráðstafað eigið fé	8.266	8.706
Eigið fé hluthafa móðurfélags	17.279	20.453
Hlutdeild minnihluta	46	0
Eigið fé samtals	17.325	20.453
Skuldir		
Víkjandi skuldabréf	3.320	3.033
Tekjuskattsskuldbinding	116	65
Húsaleiguskuld	664	742
Váttryggingaskuld	31.655	30.286
Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka	1.154	1.774
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir	2.487	2.709
Skuldir samtals	39.397	38.610
Eigið fé og skuldir samtals	56.722	59.063